

## Fundargerð DA – 9.10.18

### 2. fundur stjórnar

Fundur settur kl 15:10

Mættir: Jón Helgi Björnsson, Kristján Þór Magnússon, Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson, Heiðbjört Ólafsdóttir, Sigurður Böðvarsson, Bergur Elías Ágústsson, Áslaug Halldórsdóttir, Ásgeir Böðvarsson

#### 1. Rekstur

JH fór yfir stöðuna á rekstri ársins 2018. Tekjur undiráætlun á Stóru-Mörk. Færri að nýta aðstöðuna. Starfsemin í Vík á Raufarhöfn er nokkurnvegin á áætlun. Reksturinn á Hvammi hefur gengið vel og undir áætlunum hvað kostnað varðar. Tekjur hafa skilað sér betur inn í reksturinn en áætlað var. Rekstraráætlun vegna 2019 er áætlað að verði komin í drög um miðjan nóvember.

#### 2. Samningur við Norðurþing um umönnun einstaklings í Miðhvammi

JH og ÁH fóru yfir inntak samningsins. Stjórn samþykkir samninginn og felur framkvæmdastjóra að undirrita hann f.h. Hvamms.

#### 3. Frumathugun vegna nýs hjúkrunarheimilis

Lengi hefur verið ljóst að mikil þörf hefur ríkt á endurnýjun og uppbyggingu hjúkrunarrýma á Húsavík. Sveitarfélögin í Þingeyjarsýslu hafa lengi beðið þess að framkvæmdir hefjist. Nú liggar fyrir skýrsla vegna frumathugunar á nýju 60 rýma hjúkrunarheimili á Húsavík, alls 3900 fm að stærð, sem kynnt hefur verið í stjórn DA. Frumathugunin gerir m.a. grein fyrir forsendum verkefnisins, lýsningu á því, þarfagreiningu vegna húsrýmis og kostnaðaráætlun verkefnisins. Sömuleiðis er lagt mat á stofn- og rekstrarkostnað framkvæmdarinnar. Stjórn fagnar þeim áformum ríkisins að nýtt hjúkrunarheimili verði byggt á Húsavík og felur stjórnarformanni að undirrita og samþykkja fyrirliggjandi skýrslu fyrir hönd stjórnar, með áorðnu breytingum.

#### 4. Framtíð Hvamms

Ljóst má þykja að miklar breytingar yrðu á nýtingu húsnæðis Hvamms og annara búseturúrræða fyrir aldraða gangi áætlanir eftir um uppbyggingu nýs 60 rýma hjúkrunarheimilis. Stjórn telur mikilvægt að Hvammur þjóni áfram mikilvægu hlutverki í þjónustu við aldraða og húsnæðið verði áfram nýtt í þeirra þágu.

#### 5. Önnur mál